

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 333. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 16. apríl 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Gufuskálar. Þór og Ægir mæta á fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.
- 2) Fundargerð 59. stjórnarfundar Jeratúns ehf., dags. 27. mars 2020.
- 3) Bréf frá aðstandendum Sólarports ehf., dags. 7. apríl 2020, varðandi húsaleigu.
- 4) Bréf frá Saxa ehf., dags. 1. apríl 2020, varðanda ósk um riftun á leigusamningi.
- 5) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 7. apríl 2020, varðandi áform um stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.
- 6) Bréf frá Íþróttta- og ólympíusambandi Íslands, dags. 1. apríl 2020, varðandi íþróttahreyfinguna og COVID-19.
- 7) Bréf frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, dags. 30. mars 2020, varðandi brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar.
- 8) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 7. apríl 2020, varðandi frestun aðalfundar.
- 9) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 14. apríl 2020
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Jeratún ehf. kt. 501203-2030

Fundargerð

**59. stjórnarfundur Jeratúns ehf.,
haldinn föstudaginn 27. mars 2020, kl. 9:15 sem fjarfundur.**

Mætt: Jakob Björgvin Jakobsson, formaður, Kristinn Jónasson, Sigurlaug R. Sævarsdóttir, framkvæmdastjóri, Pétur Hansson og Jónas Gestur Jónasson, löggiltir endurskoðendur hjá Deloitte.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur 2019

Ársreikningur ársins 2019 lagður fram. Jónas Gestur og Pétur Hansson fóru yfir og kynntu ársreikninginn.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

2. Greiðsluáætlun


Lögð fram greiðsluáætlun næstu fjögurra ára.


3. Önnur mál


Stjórn kallar eftir tillögu að viðhaldsáætlun frá Fjölbautaskóla Snæfellinga.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 9:52.


Kristinn Jónasson


Jakob Björgvin Jakobsson


Sigurlaug R. Sævarsdóttir

Ólafsvík 7.4.2020

Bréf til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Vegna hertra aðgerða almannavarna vegna kórónuveirufaraldursins var Sólarsport ehf. skylt að stöðva starfsemi þann 24.mars sl. Við viljum því biðja bæjarstjórn Snæfellsbæjar að íhuga það að fella niður húsaleiguna á meðan engin starfsemi er í húsinu.

Fyrir hönd Sólarsports ehf.

Sigurður Ómar Scheving

Saxi ehf.
Gufuskálar
360 Snæfellsbær

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

1. apríl 2020

Efni: Ósk um riftun leigusamnings


Saxi ehf. óskar hér með eftir að leigusamningi um húsnæði á Gufuskálum verði rift.

Ástæður fyrir þessu eru þrjúþættar. Fyrst má nefna breyttar rekstrarforsendur vegna loftslagsbreytinga sem hafa áhrif á ferðir okkar á Snæfellsjökli. Í öðru lagi er mikil óvissa um áframhaldandi rekstur okkar á Vatnshelli vegna kærumáls sem er til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála. Þriðja ástæðan er svo sá heimsfaraldur sem nú geisar.

Ósk okkar er að leigusamningi verði rift 30. apríl 2020.

Fh. Saxa ehf.


Þór Magnússon


Ægir Þór Þórsson

Sveitarfélagið Snæfellsbær
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbæ

Reykjavík, 7. apríl 2020
UST202003-377/E.B.S.
09.03

Efni: Áform um stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls

Umhverfisstofnun, ásamt sveitarfélaginu Snæfellsbær, kynnir hér með áform um stækkun þjóðgarðsins Snæfellsjökuls. Áformin eru kynnt í samræmi við málsmeðferð 2. og 3. mgr. 36. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár séu kynnt sérstaklega.

Tillögu að mörkum svæðisins miðast við hnitsett mörk skv. hnitaskrá og er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar á slóðinni: <https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/thjodgardurinn-snaefellsjokull-staekkun/>


Frestur til að skila umsögn/gera athugasemdir við tillöguna er til og með 10. júní 2020. Athugasemdum má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar þar sem tillöguna er að finna, með tölvupósti á netfangið ust@ust.is eða senda með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík. Umhverfisstofnun veur athygli á því að innsendar athugasemdir eru hluti af stjórnsýslumáli og kunna að verða afhentar þriðja aðila sé þess óskað í samræmi við upplýsingalög nr. 140/2012.

Frekari upplýsingar veita Jón Björnsson þjóðgarðsvörður (jonb@umhverfisstofnun.is) og Eva B. Sólán (evasolan@ust.is) með tölvupósti eða í síma 591-2000.

Virðingarfyllst,



Eva B. Sólán Hannesdóttir
lögfræðingur



Jón Björnsson
þjóðgarðsvörður



Til sveitarfélaga

Reykjavík, 1. apríl 2020

Varðar: Íþróttahreyfingin og COVID-19

Íþrótt- og ungmennafélög á landsvísu horfa nú fram á mikla erfiðleika í rekstri í kjölfar aðgerða í baráttunni gegn COVID-19 veirunni. Ljóst er að róðurinn verður afar þungur þegar leyfi verður gefið af hálfu yfirvalda til að hefja skipulagt íþróttastarf að nýju. Það þarf varla að fjölyrða um mikilvægi þess að starfið hjá íþrótt- og ungmennafélögum nái sem fyrst upp fyrri slagkrafti svo að börn og ungmenni komist fljótt í rútinu til að viðhalda góðri heilsu og heilbrigði.

Sveitarfélögin á Íslandi hafa á undanförunum áratugum verið bakhjarl íslenskra íþrótt- og ungmennafélaga. Þau hafa staðið sig gríðarlega vel í því hlutverki hvort sem horft er til uppbyggingar íþróttamannvirkja eða til þess að skapa fjárhagslega umgjörð um félögin.

Nú liggur fyrir að mörg íþrótt- og ungmennafélög munu lenda í fjárhagsvanda að afloknu samkomubanni. Búast má við að töluvert erfiðara verði a.m.k. fyrst um sinn að fá styrki til íþróttastarfsins frá fyrirtækjum landsins til að standa straum af rekstrarkostnaði auk þess sem viðbótarkostnaður kann að leggjast á þau m.a. vegna mögulegra framlenginga á íþróttastarfi vetrarins fram á sumarið. Mikil óvissa verður að minnsta kosti hjá mörgum félögum um framhaldið og finnum við mjög fyrir því að margir stjórnendur þeirra kvíða næstu mánuðum.

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) vill með bréfi þessu hvetja sveitarfélög í landinu til að eiga samtöl við sín félög og fylgjast vel með því hvernig mál þróast. Mjög mikilvægt er að grípa inni í ef þörf er á og styðja félögin í gegnum þau vandamál sem kunna að vera framundan.

Jafnframt hvetur ÍSí sveitarfélög, sem bjóða upp á frístundastyrki sem nýta má til ástundunar íþrótt- og æskulýðsstarfs, til að skoða vel hvort unnt sé að hækka, að minnsta kosti tímabundið, upphæð frístundastyrkja. Gera má ráð fyrir því að mörg heimili í landinu búi við skert tekjuflæði fyrstu mánuðina eftir að atvinnu- og frístundalífið kemst í eðlilegt horf og þá er viðbúið að frístundir séu ofarlega á listanum yfir það sem skera verður niður í rekstri heimilanna.

Við sáum það glöggt í efnahagshruninu árið 2008 og árunum þar á eftir hversu dýrmætt það var fyrir alla, ekki síst börn og ungmenni, að íþróttastarfið hélt nánast óbreytt í gegnum árin eftir hrun. Það er okkur kappsmál, í þessum erfiðu aðstæðum, að ná sem bestri lendingu fyrir íþrótt- og ungmennafélögin í landinu, með það að markmiði að sem flestir iðkendur geti að samkomubanni loknu gengið að sínu félagi og sínum hópi vísam og haldið áfram að





stunda íþróttir. Rannsóknir hafa margsannað gildi íþróttar, bæði fyrir líkamlega sem og andlega heilsu, og því eru miklir lýðheilsulegir hagsmunir í húfi.

Við gerum ráð fyrir að ríkisvaldið muni leggja sitt af mörkum með fjárframlögum til íþróttahreyfingarinnar og almennum aðgerðum en það er líka nauðsynlegt að sveitarfélögin, bakhjarlar íþróttar- og ungmennafélaganna, komi að málum, fylgist með og styðji sérstaklega við bakið á sínum íþróttafélögum á þessum óvenjulegu tímum.

ÍSí gerir sér grein fyrir því að sveitarfélögin á Íslandi sinna sínum skyldum gagnvart íþróttar- og ungmennafélögum af stakri þrýði. Við viljum hins vegar með þessari hvatningu koma til skila áhyggjum okkar af ástandinu og stöðu félaganna.

Að lokum vill ÍSí þakka mjög gott samstarf sveitarfélaganna á Íslandi við íþróttahreyfinguna. Við erum þess full viss að áframhald verður á því til langrar framtíðar.

**Með bestu kveðju,
ÍÞRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBAND ÍSLANDS**

Lára L. Blöndal
forseti





Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær

Reykjavík, 30. mars 2020
Tilvísun: 201911-0153

Efni: Brunavarnaráætlun Snæfellsbæjar - Beiðni frá Snæfellsbæ

Varðandi bréf sem barst Mannvirkjastofnun 18. nóvember 2019.

Hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er varðar brunavarnaáætlanir er fyrst og fremst í formi samþykktar, þetta kemur fram í 13 gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir. Ennfremur kemur það fram í 11. gr. reglugerðar nr. 747/2018 um starfsemi slökkviliða að brunavarnaáætlun skuli unnin af slökkviliðsstjóra og hún þurfi samþykki HMS og viðkomandi sveitarstjórnar.

Stofnunin leggur mikla áherslu á að reyna að aðstoða sveitarfélögin/slökkviliðin svo þau geti lokið við brunavarnaáætlun fyrir sitt svæði. Á heimasíðu HMS er að finna leiðbeiningar um gerð brunavarnaáætlana sem hægt er að nýta sér. Sérfræðingar í brunamálum hjá HMS aðstoða einnig með yfirlestri og gefa slökkviliðsstjóra leiðbeinandi svör í samræmi við lög, reglugerðir og leiðbeiningar þegar áætlunin er í vinnslu. Þá hefur stofnunin nú unnið nýtt skjal fyrir gerð áhættumats og forsníð fyrir gerð brunavarnaáætlunar sem hægt er að nýta sér og teljum við að það auðveldi vinnuna töluvert og hefur það markmið að setja brunavarnaáætlanir allra slökkviliða í landinu í sama snið. Þessi nýju verkfæri mun stofnunin í framhaldi af þessu bréfi senda slökkviliðsstjóra Snæfellsbæjar og jafnframt leiðbeina honum eins og þörf er á. Það er hinsvegar ekki hlutverk stofnunarinnar að koma að skrifum áætlunarinnar með beinum hætti.

Virðingarfyllst
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Davíð S. Snorrason
Forstöðumaður brunamála



LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 7. apríl 2020
2001017LA
Málalykill 00.21

Til allra sveitarstjórna

Frestun aðalfundar Lánasjóðsins 2020

Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. sem boðað var til fimmtudaginn 26. mars 2020 kl. 15:45 á Grand Hótel Reykjavík, var frestað um óákveðinn tíma með tölvupósti þann 16. mars 2020. Samkvæmt samþykktum Lánasjóðsins ber að halda aðalfund fyrir lok apríl ár hvert. Í ljósi aðstæðna á landinu öllu og ákvörðun Almannaþinginnar um að framlengja samkomubanni til 4. maí, þá muni ekki nást að halda fund á þeim tíma sem segir í samþykktum. Samkvæmt 84. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög skal halda aðalfund eigi síðar en innan átta mánaða frá lokun hvers reikningsár eða fyrir lok ágúst.

Nýr fundardagur verður tilkynntur til allra sveitarstjórna þegar samkomubanni hefur verið aflétt.

Tillaga um engan arð vegna afkomu ársins 2019

Stjórn Lánasjóðsins ákvað á fundi sínum 9. mars 2020 að leggja til við aðalfund að ekki verði greiddur út arður til hluthafa vegna afkomu 2019. Þessi ákvörðun var tekin til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjárs. Stjórnin sér fram á að lækkun á eigin fjárstöðu sjóðsins geti orðið takmarkandi þáttur við að þjónusta stærstu hluthafa sína á næstu árum.

Viðbrögð Lánasjóðsins vegna Covid 19

Lánasjóður sveitarfélaga er nú sem áður, til staðar fyrir sveitarfélög landsins og stofnanir þeirra við að tryggja þeim lánsfé á hagstæðum kjörum til verkefna sem hafa almenna efnahagslega þýðingu. Fjárhagsstaða sjóðsins er sterk og geta hans til að afla lánsfjár á markaði er góð. Sjóðurinn hefur þegar hækkað áætlun sína um skuldabréfaútgáfu fyrir árið 2020 vegna væntinga um aukna eftirspurn eftir lánum.

Fyrir utan hefðbundið lánsframboð þá getur Lánasjóðurinn veitt lán til að fjármagna afborganir ársins af skuldabréfaflokkum sínum ásamt því að veita skammtímalán eða lán af eigin fé sem bjóða uppá aukinn sveigjanleika.

Nánari upplýsingar um lánaframboð og lánareglur er að finna inná heimasíðu sjóðsins www.lanasjodur.is

Virðingarfyllt

LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA OHF.

Óttar Guðjónsson
framkvæmdastjóri